

Stjórnarfundur Sambands íslenskra kristniboðsfélaga 19. apríl 2016 kl. 18:00

Mættir allir nema Ingveldur og Kristján sem boðuðu forföll.

Hermann las úr Efesus 1:17nn, sambæn.

1. Fundargerðir

- a. Síðasti stjórnarfundur
 - i. Styrktarbeiðnir þurfa að skoðast
 - ii. Laganefndin þarf að kynna tillögur sínar á aðalfundinum
- b. Starfsmannafundur 6/4-2016
 - i. Haustátak sé skipulagt af starfsmönnum. Rætt um hugsanlega heimsókn Oddvar Sövik. Óljóst hvenær hann gæti komið.

2. Fjárhagsáætlun og fjármál

- a. Hermann fór yfir stöðuna og kynnti fjárhagsáætlun. Liljusjóður skilaði hagnaði í fyrra sem verður gjaldfærður á þessu ári (2016). Gerðar voru nokkrar lagfæringar og ákveðið að leggja áætlunina fram fyrir aðalfundinn. Áætlunin er sett upp með 6.7 mkr. halla enda má reikna með útgjöldum vegna Liljusjóðs.
- b. Liljusjóður. Best væri að geta séð fyrir sér fljótlega hvernig Liljusjóðurinn verður notaður. Gera þarf lista yfir hvernig peningarnir eru notaðir. Peningarnir eru á sérstökum reikningi og árlega gerð grein fyrir útgjöldum hans. Ragnar, Hermann og Ólafur fara yfir allar umsóknir frá Eþíópíu og Kenýu og flokka þær. Sumt kann að falla undir styrkhæf verkefni í þróunarsamvinnu, annað fellur undir Liljusjóð. Skv. erfðaskrá Lilju heitinnar á systursonur hennar, dr. Sigurður Árni Þórðarson, síðasta orðið um ráðstöfun fjár úr þeim sjóði.
- c. Styrkir til einstaklinga í Eþíópíu og Kenýu ættu helst að fara gegnum kirkjurnar úti og ekki beint til einstaklinganna til að tryggja að réttir aðilar séu valdir.

3. Starfið úti

- a. Enginn fór héðan á aðalfund Sat7 í ár. Starf þeirra virðist ganga vel án mikilla truflana. Tækjabúnaður myndversins í Egyptalandi hefur verið afhent Sat7 að nýju.
- b. Kenýa. Samþykkt að styrkja stúlkaskólann í Propoi um 250 þúsund shillinga (um 450 þúsund ISK) vegna aðkallandi framkvæmda, sjá 2.e í fundargerð síðasta stj. Væntanlega kemur greiðslan úr Liljusjóði.

4. Heimastarfið og haustið

- a. Íslenskukennslan mun halda áfram. Alfanámskeið fyrir útlendingana hefur verið prófað fyrir þennan hóp. Margrét heldur utan um þetta námskeið.
- b. Haustátak, löng helgi, verður skoðað síðar. Hugsanleg heimsókn Oddvar Sövik verður skoðuð. Mætti e. t. v. vera í samstarfi við KFUM og KFUK. Karlakór og kvennakór gætu sungið. KSF og KSS gætu verið með líka, ef það passar. Nauðsyn að skipuleggja tímanlega svo samstarfsaðilar geti gert ráð fyrir því.
- c. Spurning hvort Loyara geti komið í heimsókn á kristniboðsviku eftir ár.

- d. Stuðningur við heimasíðuáttak sem Finnarnir hafa staðið fyrir. Er hægt að vinna þetta með sjálfboðaliðum? Líklega höfum við ekki peninga til að geta ráðið neinn til að sjá um þetta.
- e. SÍK þyrfti meiri tekjur og fleiri stuðningsmenn. Spurning hvort megi hafa samband við fyrrum Krung-fara og biðja þau um að taka þátt í reglubundnu gjafakerfi til að styrkja SÍK og hvort það vilji vera einstaklingsaðilar. T.d. menntunarsjóð fyrir predikara eða börn þeirra eða aðra sem við viljum geta menntað og stuðning við börn sem annars ættu ekki kost á skólagöngu.

5. Aðalfundur

- a. Skoðunarmenn reikninga eru Jónas Þórisson og Bjarni Árnason. Spyrja þarf þá um að halda áfram.
- b. Ragnar undirbýr og kynnir starfsskýrsluna.
- c. Gunnar Þór Pétursson kynnir lagabreytingar.
- d. Ólafur Jóhannsson hefur hugleiðingu og opnar fundinn.
- e. Félög verði beðin að skila skriflegri skýrslu og félagatali.
- f. Fækkun í stjórn ef lagabreytingar verða samþykktar: Eftir tvö ár verða kosnir 3 í stað 5 sem ganga út.

6. Boð um þátttöku í ráðstefnum og samkomum

- a. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 6.-7. maí. Haraldur fer fyrir hönd stjórnarinnar.
- b. 125 ára afmælisráðstefna NLM 14.-18. júní. Má senda þrjá, aðalleiðtoga, kristniboðsleiðtoga og æskulýðsleiðtoga. Ragnar fer og hugsanlega einhver yngri.
- c. Aðalfundur Nordisk Indremisjonsraad 19.-21. ágúst. Enginn fer.
- d. Samráðsfundur norrænna kristniboðsfélaga 13.-16. sept. Ragnar fer og hugsanlega fleiri.
- e. Guðlaugur fari til að predika í Færeyjum 23-25. sept.
- f. Fundur Lausanne og EEA 12.14 sept., enginn fer, og BGEA í októberlok í Moskvu. Ragnari er boðið af samtökunum (Billy Graham).

7. Næsti fundur: 24. maí kl 18:00

8. Önnur mál.

- a. Sveinbjörg þakkaði fyrir samstarfið í stjórninni enda hverfur hún úr stjórninni. Ingveldur skilaði líka kveðju og gefur ekki kost á sér heldur. Þeim eru þokkuð góð störf og stuðningur við kristniboðið.
- b. Basarinn í sumar: Gert ráð fyrir að Anna Sigurðardóttir vinni þar meðan Kalli verður í burtu í Eþíópíu og í fríi.
- c. Kaup á uppþvottavél fyrir Basarinn samþykkt.
- d. Kalli biður um hækkanlegt skrifborð sem hægt er að vinna við standandi. Fæst á um 110 þúsund. Samþykkt.